

LALLI LEMJARI

Klípusaga

Aldur nemenda: 5-10 ára

Viðfangsefni: Klípusaga, siðfræði, færa rök fyrir máli sínu

Færnimarkmið: Að færa rök fyrir máli sínu, hlusta og segja skoðun sína

Viðhorfamarkmið: tengist flestum færniþáttum í þrepun 1 og 2 í námskrá Verkefnabankans
<https://verkefnabanki.wordpress.com/namskra-i-samraedufaerni/>

Efni og áhöld: Saga, tafla til að setja upp spurningarnar

Tími/umfang: Ein kennslustund eða eftir úthaldi ungra nemenda

Höfundur verkefnis: Peter Worley, þýtt og fært í búning af Jóhönnu Guðrúnu Ólafsdóttur



KENNSLULEIÐBEININGAR OG LÝSING Á VINNU

Eftir að nemendur hafa heyrt söguna um Lalla lemjara hér að neðan lesna er þeim skipt í minni hópa þar sem þeir ræða meginspurninguna:

Hvað heldur þú að Lalli lemjari munu gera?

Til viðbótar má spyrja:

Ef töfradrykkurinn var bara vatn virkaði hann þá?

Hjálpaði gamla konan Lalla eða ekki ef töfradrykkurinn var bara vatn?

Af hverju hætti Lalli að lemja?

Ef þú getur ekki ráðið við að lemja aðra á þér þá að líða illa?

Höfum við alltaf frelsi til að velja hvað við gerum?

Í framhaldi mætti biðja nemendur að deila með hópnum:

Hvernig þeir ná sjálfsstjórn í erfiðum aðstæðum.

Hvernig þeir bregðast við ef þeim er ógnað

Lalli lemjari

Þetta er sagan af Lalla lemjara. Hann var átta ára gamall og vegna þess að hann átti það oft til að lemja aðra þá gekk hann undir þessu nafni Lalli lemjari.

Þegar Lalli lék sér við önnur börn leið yfirleitt ekki á löngu þar til hann lenti upp á kant við eitt þeirra eða fleiri og SLAM hann lamdi eitthvert þeirra sem brást við með því að ganga í burtu grátandi. Þegar Lalli var í kennslustund var sama uppi á teningnum, hann lenti í rifrildi við samnemendur sína sem endaði með því að hann lamdi einhvern. Þegar kennarinn gekk á milli reyndi Lalli bara að lemja hann líka. Hann átti það jafnvel til, þegar mamma hans kom í skólann að sækja hann, að reyna að lemja hana líka. Lalli lemjari var alltaf til vandræða og var alltaf að lenda í útistöðum við fólk og reyna að slá til þess. Það þarf því ekki að koma á óvart að hann átti fáa vini.

Dag einn þegar Lalli hafði verið í óvenju miklum vandræðum og í miklu uppnámi, fór hann á stað sem var leynistaðurinn hans, til að ná sér niður. Þessi staður var undir stóru tré í bakgarðinum á húsinu hans. Hann grét í heila klukkustund. Að lokum hætti hann að gráta, þurrkaði tárin framan úr sér og leit upp. Fyrir framan hann stóð gömul kona. Hún var með kræklótt nef og langt og strítt grátt hár. Hún var í skritunum fatalörfum og á öxlinni hékk gömul leðurskjóða. Lalli var alveg viss um að hún væri norn.



© 2013 VERKEFNABANKI HEIMSPEKITORGSINS, HÖFUNDUR: PETER WORLEY OG JÓHANNA GUÐRÚN ÓLAFSDÓTTIR

Verkefnabanki Heimspekitorgsins er samstarfsverkefni [Félags heimspekikennara](#), [The Philosophy Man](#) og kennara hjá [Hagnýtri heimspeki](#).

- Hvað er að Lalli, af hverju ertu að gráta? Lalli var hissa á að hún vissi nafnið hans.
- Ég er alltaf í vandræðum vegna þess að ég er alltaf að lemja aðra og mér líður illa með það. – Mig langar til að hætta að líða svona illa.

- Ég held að ég sé akkúrat með það sem þig vantar. Hún setti höndina ofan í töskuna og dró upp lítið glas með glærum vökva í. Með hinni hendinni benti hún á glasið og sagði: - Þetta efni gerir það að verkum að þú átt áfram erfitt með að hemja þig með að lemja aðra en þér á ekki eftir að líða illa með það. Lalli þreif töfradrykkinn af henni og skutlaði honum í sig á staðnum og gekk svo ánægður í burtu. Hann tók ekkert eftir því að gamla konan glotti við tönn.

Fljótlega eftir að Lalli yfirgaf gömlu konuna gekk hann fram á hóp af börnum að leik. Greinilegt var að þau vissu ekki hver hann var því þau buðu hann velkominn í leikinn. Ekki virtist margt hafa breyst því það leið ekki á löngu þar til Lalli fór að rifast og skammast og reyna að stjórna öllum. Það endaði svo eins og oftast áður að hann lamdi eitt barnanna sem gekk grátandi burt. Það sem kom Lalla hins vegar á óvart var að honum leið ekkert illa með þetta. Hann gekk brosandí og glaður í burtu með þessa nýju vitneskju.

Fátt hafði breyst hjá Lalla nema það að honum leið ekki illa þegar hann lamdi aðra. Honum varð hins vegar fljótt ljóst að enginn vildi lengur leika við hann. Hann lét sér fátt um finnast um hríð en þegar hann var búinn að vera einn í tölvuleikjum um nokkra mánaða skeið var honum farið að leiðast einveran og langaði til að hitta önnur börn og leika.

Lalli skellti sér út á leikvöll og hitti nokkur börn að leik. Hann gekk upp að næsta dreng sem hann sá og sagði skipandi: - Þú verður vinur minn. – En mig langar ekki til að leika við þig Lalli vegna þess að þú lemur mig, svaraði drengurinn skelkaður.

- Nei það geri ég ekki, svaraði Lalli pirraður.

- Jú þú átt eftir að gera það

- Nei ég geri það ekki.

- Jú þú munt gera það.

SLAM! Lalli lamdi drenginn sem gekk grátandi í burtu.

Lalli gekk þá að stelpum sem voru að leika sér þarna í grenndinni og segir við eina þeirra: - Þú átt að vera vinur minn. – En mig langar ekki til að vera vinur þinn vegna þess að þú átt eftir að lemja mig.

- Nei það er ekki satt.

- Jú víst

- Nei það er ekki satt

- Jú

- Nei

SLAM! Lalli lamdi stúlkuna sem gekk grátandi í burt.

Lalli var í því líku uppnámi eftir þetta og hljóp á leynistaðinn sinn undir trénu í garðinum bak við húsið. Þegar hann hafði grátið í um það bil klukkustund þerraði hann tárin af sér og en rak um leið augun í gömlu konuna sem hann hafði hitt áður.

- Hvað er að Lalli?, af hverju ertu að gráta? - Virkaði töfradrykkurinn minn ekki?

- Hann virkaði, mér leið ekki illa þegar ég lamdi fólk en ég er alltaf að lenda í vandræðum og ég á enga vini. Gamla konan lagði hönd á höku sína og hugsaði. Að lokum sagði hún: – Ég held að ég hafi akkúrat það sem þig vantar. Hún teygði sig eftir öðru töframeðalaglasi ofan í töskuna og dró það upp en í því var glær vökvi. – Ef þú drekkur þennan drykk mun hann koma í veg fyrir að þú getir lamið fólk aftur þó að þig langi til þess.

Lalli þreif flöskuna úr hendi gömlu konunnar, glúgg, hann skellti drykknum í sig og skundaði glaður í burtu og tók ekki eftir því að gamla konan brosti í kampinn.

Ekki leið á löngu þar til hann gekk fram á hóp barna að leik, þegar þau sáu Lalla nálgast hlupu þau í burtu. Lalli hljóp í humáttina á eftir og kallaði: Stopp! Leikið við mig! Að lokum stoppuðu þau, litu á hann og sögðu: - Lalli okkur langar ekki til að leika við þig vegna þess að það endar með því að þú lemur okkur.

- Nei ég geri það ekki.

- Jú þú gerir það víst

- Ég lem ykkur ekki.

- Jú þú átt eftir að gera það. Börnin lokuðu augunum og bjuggust við höggi en ekkert gerðist, Lalli stóð ennþá á móti þeim en með hendurnar meðfram síðum.

- Hvað er að Lalli?, sagði eitt barnanna, af hverju lamdir þú okkur ekki? – Vegna þess að ég er hættur að lemja.

Vikur liðu, kennarinn var undrandi, mamma hans var undrandi, allir voru undrandi.

Tíminn leið og börnin byrjuðu að leika aftur við Lalla og honum fór að líða vel vegna þess að loksins átti hann vini.

Dag einn, um það bil ári eftir að Lalli hætti að lemja, fór hann á uppáhalds staðinn sinn þar sem honum fannst gott að hugsa og vera einn með sjálfum sér. Hann grét ekki þá klukkustund sem hann dvaldi undir trénu

og þurfti því ekki að þurrka tárin úr augunum þegar hann stóð upp. En um leið og hann stóð upp rak hann augun í gömlu konuna. – Hvað er að sjá þig Lalli, af hverju ertu ekki að gráta?, spurði gamla konan og virtist undrandi.

- Eftir að ég drakk töfradrykkinn frá þér hætti ég að lemja fólk og núna á ég fullt af vinum og mér líður vel.

Gamla konan leit á hann undrandi en allt í einu byrjaði hún að hlæja og hún hló og hún hló.

- Af hverju ertu að hlæja?, hvað er svona fyndið?

- Lalli, ég þarf að segja þér svolítið játaði gamla konan fyrir Lalla.

Gamla konan opnaði skjóðuna sína og sýndi Lalla ofan í hana. Taskan var full af litlum glösum með töfradrykkjum í. Hún dró eitt þeirra upp og rétti honum.

- Hverju sýnist þér þetta líkjast?

- Þetta lýtur út eins og vatn, svaraði Lalli.

Gamla konan hló meira. - Hvernig finnst þér það lykta?, spurðu sú gamla.

Lalli skrúfaði tappann af og þefaði af innihaldinu.- Það lykta í rauninni ekki eins og neitt sérstakt kannski helst eins og vatn.

Gamla konan flissaði aftur og Lalla tók að gruna ýmislegt. Að lokum spurði hún:

- En hvernig smakkaðist töfradrykkurinn? Lalli bragðaði á honum þótt hann vissi innst inni hvernig hann smakkaðist. – Þetta smakkast eins og vatn.

Gamla konan fór aftur að hlæja. – Lalli, sagði hún, töfradrykkirnir sem þú drakkst voru ekkert annað en vatn. Og nú engdist sú gamla um af hlátri. Hláturinn í gömlu konunni byrjaði að fara í taugarnar á Lalla, hann fann reiðina sjóða innra með sér þannig að hann varð rauður í framan.

Þessi saga er óvenjuleg því það er okkar að láta hana enda. Hvernig mun Lalli bregðast við og hvers vegna höldum við það?

Tilbrigði við stefið:

Margar skemmtilegar sögur má lesa í staðinn fyrir þessa og móta spurningar í tengslum við þær. Bina bálreiða er til að mynda skemmtilegt viðfangsefni fyrir unga nemendur.

FLEIRI VERKEFNI Í VERKEFNABANKA HEIMSPEKITORGSINS

- Heimspekileikir – inngangstexti
- Heimspekileg samræða – grunnuppskrift